



## Sléttuvegur - nýtt íbúðarhverfi

Um er að ræða þetta byggð sérbýlis- og fjölbýlishúsa í grónu umhverfi, en byggingarreiturinn afmarkast af Sléttuvegi, Háaleitisbraut, Fossvogsvegi og Kringlumýrarbraut. Leitast er við að fella nýju byggðina sem best að þeirri byggð sem fyrir er í Fossvogi, þar sem eru einbýlishús, parhús og fjölbýlishús neðst í dalnum en allt að 6 hæða fjölbýlishús ofan Sléttuvegar. Neðst á nýja svæðinu er gert ráð fyrir tvíbýlishúsum, raðhúsum og sambýli fyrir fatlaða.

Á svæðinu er fyrirhugað að Hrafnista reisi íbúðir fyrir aldraða, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð. Einnig er fyrirhugað að Samtök aldraðra byggi íbúðir fyrir félagsmenn líkt og eru á næstu lóð að Sléttuvegi 19-23. Þá eru nemendagarðar fyrirhugaðir á svæðinu sem og almennar íbúðir í fjölbýli.

Lokið er við útboð á verkfræðingum vegna gatnagerðar og lagna og hefur verið samið við Ásberg ehf. um framkvæmdina. Almenna verkfræðistofan átti lægsta tilboð í umsjón og eftirlit með framkvæmdunum. Verkkaupi er Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar, Orkuveita Reykjavíkur, Gagnaveita Reykjavíkur og Míla. Áætluð verklok eru 1. september 2008.

## Hallar 2. áfangi

Í framhaldi af útboði hefur Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar, Orkuveita Reykjavíkur, Gagnaveita Reykjavíkur og Míla samið við Háfell ehf. um framkvæmdir við 2. áfanga Halla. Við Halla er verið að byggja upp verslunar- og iðnaðarhverfi, t.d. ráðgerir Bauhaus

að opna þar byggingarvörverslun næsta haust. Samið var við Almennu verkfræðistofuna um umsjón og eftirlit með framkvæmdum fyrir hönd Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Míla. Áætluð verklok eru 1. september 2008.



Nýtt húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands

## Vottun vistvænnar hönnunar

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ákveðið að ganga til samninga við Urriðaholt ehf. um byggingu nýs húsnæðis fyrir stofnunina í Urriðaholti í Garðabæ. Vegna hins vistvæna heildarskipulags Urriðaholts og tengingar Náttúrufræðistofnunnar við náttúru Íslands er við hönnun byggingarinnar lögð sérstök áhersla á vistvæna og sjálfbæra hönnun. Sem mælikvarði verður hið bandaríska LEED kerfi (Leadership in Energy and Environmental Design) notað og það aðlagð að íslenskum aðstæðum. Á þennan hátt er viðurkenndu vottunarkerfi nú sennilega í fyrsta skipti beitt á opinbera byggingu til að meta hversu vel tekst til með vistvæna hönnun mannvirkis. Alþjóðlegt hönnunarteymi hefur verið myndað um verkefnið. Arkís er arkitekt byggingarinnar og mun framkvæmd sem hefst nú í mars verða alfarið í höndum ÍSTAKS. Stærð byggingarinnar er um 3500m<sup>2</sup> og sér AV um hönnun lagna og burðarvirkis. Áætlað er að byggingin verði tekin í notkun árið 2009.

## Burðarþolshönnun flugbrauta

Með tilkomu nýrra rísa þota sem byrjað er að framleiða hjá Airbus og Boeing er mjög dýrt að hanna flugbrautir eftir reglum núverandi staðals um burðarþolshönnun flugbrauta. Þess vegna munu Bandaríkin taka í notkun nýjan staðal: „Aerodrome Design Manuals“ sem gefinn er út af Bandarísku flugmálastjórninni (Federal Aviation Administration) á þessu ári.

Almenna verkfræðistofan vinnur nú að verkefni fyrir Flugstöðir ohf. sem felur í sér athugun á því hvort núverandi flugbrautir í Reykjavík, á Egilsstöðum og á Akureyri standist kröfur samkvæmt nýja staðlinum. Nýi staðallinn notar nýjar hönnunaraðferðir sem miða að því að gera burðarþolshönnun flugbrauta hagkvæmari. Samkvæmt nýja staðlinum mun burðarþolshönnun flugbrauta fara fram í hönnunarfóritinu FAARFIELD (Federal Aviation Administration Rigid and Flexible Interactive Elastic Layered Design).

Breytingarnar á hönnunaraðferðum í nýja staðlinum eru þær að fyrir hönnun malbikaðra flugbrauta hefur CBR hönnunaraðferð verið skipt út fyrir „Elastic Layer“ hönnunaraðferð. Og fyrir steypar flugbrautir hefur „Westergaard“ hönnunaraðferð verið skipt út fyrir „3D Finite Element“ (3D FEM) aðferð. Jafnframt skal nota allan flugvéla flota sem fer um flugbrautina við hönnun eða svokallaðan hönnunarflota en ekki hönnunar loftfar eins og nota á samkvæmt nügildandi staðli. Nýi staðallinn tekur því tillit til þess að hjólastell mismunandi lofffara í hönnunar flotanum eru mismunandi og verka á mismunandi staði á flugbrautinni.



Bjarni Jónsson, nýr útibússtjóri á Akranesi

## Nýr útibússtjóri Akranesskrifstofu

Bjarni Jónsson, byggingartækni-fræðingur, hefur verið ráðinn útibússtjóri Akranesskrifstofu Almennu verkfræðistofunnar frá og með sl. áramótum.

Bjarni hefur starfað á AV frá því árið 2000, og getið sér mjög gott orð sem umsjónar- og eftirlitsmaður með ýmsum framkvæmdum nýjustu vatnsaflsvirkjana Landsvirkjunar, þ.m.t. Vatnsfellsvirkjun, Þórisvatnsmiðlun og Kárahnjúkavirkjun. Við framkvæmdir Fljótsdalsstöðvar Kárahnjúkavirkjunar gengdi Bjarni nú síðast stöðu aðstoðarstaðartækni-fræðings framkvæmdaeftirlits og yfirtækni-fræðings byggingarvirkja.

Bjarni er byggingartækni-fræðingur B.Sc. frá Tækniskóla Íslands með framkvæmdir sem sérsvið.

## Matsþjónusta við Landic Property

Almenna verkfræðistofan hf. hefur undanfarin fjögur ár áætlað viðhaldskostnað fyrir allar fasteignir Landic Ísland næstu þrjátíu árin, ásamt því að meta þróun á hæfni eignanna til þess að afla leigutekna á sama tímabili. Verkefni þetta er unnið vegna ársuppgjörs Landic Property (áður Stoðir) sem er móðurfélag Landic Ísland, en við mat á verðmæti fasteignanna er stuðst við afvaxtað framreiknað sjóðstreymi á þrjátíu ára tímabili. Áætlaður viðhaldskostnaður er færður inn sem hluti af rekstrarkostnaði fasteignanna í sjóðstreymis-útreikningunum. Til þess að áætla þennan kostnað hefur AV þróað hugbúnað sem sér um skráningu fasteigna og eiginleikum þeirra, s.s. byggingarlýsingu og magnstærðir byggingarhluta. Vinnan við áætlunina fer fram samkvæmt vottuðu verklagi sem tryggir sambærilegar niðurstöður milli einstakra fasteigna. Við upphafsskráningu fasteigna er eignin skoðuð og ástand hennar metið, byggingarlýsing er skráð og magnstærðir eru mældar af uppdráttum.

Landic Ísland er stærsti einstaki viðskiptavinur AV á þessari þjónustu með yfir 400 þúsund fermetra í meira en 130 fasteignum um land allt. Á samskonar hátt hefur AV þróað hugbúnað til þess að meta þróun á hæfni einstakra fasteigna til þess að afla leigutekna á sama tímabili. Matið er

grundvallað á gildandi leigusamningum og rannsóknum á almennum leigumarkaði atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Sem stendur vinnur AV að þróun hugbúnaðar til þess að meta fasteignir á gangvirði eins og sagt er fyrir í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir fjárfestingareignir og varanlega rekstrarfjármuni og er stefnt að því að bjóða slíka þjónustu fyrir næstu áramót.



## Diskóskautar í janúar


STAV bauð félögum á diskóskauta í Skautahöllinni í Laugardal föstudaginn 25.jan sl.



Guðni sýndi góða takta

Þar var vel mætt og sýndu sumir gamalkunna takta. Auðunn varð vitni af glæsilegum snúningi hjá Simma þar sem hann auðvitað endaði á belgnum.

Flestir náðu að renna sér eitthvað í láréttri stellingu en einhverjir höfðu þó börn með sér til að styðja sig við. Hópurinn skautaði í 2 tíma og skemmti sér vel.



Melkorka datt aldrei

## NÝR STARFSMENN



### Jiri Talasek

Er með M.Sc. gráðu í samgönguverkfræði frá VŠB - Technical University of Ostrava, Czech republic, Tékklandi.

Hann hóf störf í janúar sl. á Umferðar- og skipulagssviði.



### Irma Dögg Sigurðardóttir

er tækniteknari að mennt frá lönskólanum í Reykjavík.

Hún mun starfa á skrifstofu okkar á Akranesi